

# **S T A R F S L E Y F I**

## **til handa Sorpstöðvar Hornafjarðar fyrir urðunarstað á Mel í landi Fjarðar, Sveitarfélagi Hornafirði**

Gefið út af Hollustuvernd ríkisins í samræmi við ákvæði  
laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

### **1. ALMENN ÁKVÆÐI**

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir meðferð og förgun allt að 5.500 rúmmetrar á ári á flokkuðum og ópressuðum neyslu- og rekstrarúrgangi frá Sveitarfélaginu Hornafirði og Djúpavogshreppi, á urðunarstað Sveitarfélagsins Hornafjarðar á Mel í landi Fjarðar. Sveitarfélagið Hornafjörður eða sá aðili sem annast meðhöndlun úrgangs fyrir hana nefnist hér eftir rekstraraðili.
- 1.2 Fara skal þannig með allan úrgang til endurvinnslu, flutnings, förgunar eða annarar meðferðar að tryggt sé að hann valdi hvergi ónæði eða óþrifnaði.
- 1.3 Berist á starfstímanum óeðlilega mikil mengun frá starfsemi urðunarstaðarins út í umhverfið, sér rekstraraðili um að koma í veg fyrir að mengunarefni haldi áfram að breiðast út. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.
- 1.4 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.5 Verktakar sem annast verk fyrir rekstraraðila við meðhöndlun úrgangs skulu hafa tilskilin leyfi.
- 1.6 Einu sinni á starfsleyfistímabilinu boðar Hollustuvernd ríkisins fulltrúa rekstraraðila og Heilbrigðisnefndar Austurlands á samráðsfund, og þá í lok hans til að undirbúa endurnýjun starfsleyfis. Hollustuvernd ríkisins getur þó boðið oftari til samráðsfundar ef ástæða þykir til. Á samráðsfundum verði m.a. rætt um rekstur urðunarstaðarins, hugsanlegar breytingar á starfsleyfi þessu svo og önnur atriði er kunna að hafa komið upp og fulltrúar áður nefndra aðila telja ástæðu til að ræða.
- 1.7 Rekstraraðili skal skrá og senda, fyrir 1. mars ár hvert, eftirfarandi í samanteknu formi fyrir hvert almanaksár til Hollustuverndar ríkisins og Heilbrigðisnefndar Austurlands:
  - sýnatökur og mælingar á mengunarefnum skv. gr. 4.2 og niðurstöður mælinganna
  - magn og tegundir úrgangs sem berast urðunarstaðnum
  - upplýsingar um rekstur hreinsimannvirkja. Hér er átt við magn og gerðir tilfallandi efna úr grófhreinsun og hvernig þeim er fargað

- upplýsingar um óhöpp, svo sem ófyrirséða losun spilliefna, bruna mikla gasmyndun eða annað óvenjulegt.
- upplýsingar um magn og tegundir úrgangs sem fara til endurnýtingar

Upplýsingar þessar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er.

- 1.8 Verði vart við meindýr á borð við rottur eða vargfugla, skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila.
- 1.9 Með frágang urðunarsvæðis, eftirlit og mælingar á mengunarefnum eftir að starfsemi á urðunarstaðnum lýkur, skal fara samkvæmt ákvæðum reglugerðar 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit, eða annarra laga og reglugerða, þegar það á við, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins. Skipulag frágangs og landnotkun skal vera með þeim hætti að endanlegur frágangur falli sem best að núverandi landslagi. Áætlun um endanlegan frágang og landnotkun eftir lokun urðunarsvæðisins skal liggja fyrir ekki seinna en ári áður en starfsemi lýkur.
- 1.10 Rekstraraðili setji sér umhverfismarkmið og starfi samkvæmt þeim. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:1996 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 321/1996, eða starfa samkvæmt eigin kerfi.

## 2. ÚRGANGSEFNI TIL ENDURNÝTINGAR

- 2.1 Í samræmi við stefnu stjórnvalda um aukna endurnýtingu úrgangsefna og þá sérstaklega ákvæða reglugerðar nr. 609/1996 um endurnýtingu umbúðaúrgangs, skal rekstraraðili tryggja það að úrgangsefni fari í viðeigandi endurnýtingarfarveg ef kostur er. Áætlun rekstraraðila um endurnýtingu úrgangsefna skal birt ekki síðar en ári eftir útgáfu starfsleyfis þessa. Undir endurvinnanlegan úrgang fellur t.d. lífrænn úrgangur, svo sem matarleifar og sláturhúsaúrgangur, timbur, pappír og pappi, plast, brotamálmur, spilliefni og hættuleg efni.
- 2.2 Rekstraraðili skal upplýsa almenning, fyrirtæki og stofnanir um möguleika á endurnýtingu og endurvinnslu úrgangsefna, þ.m.t. spilliefni og hættuleg efni samkvæmt reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.
- 2.3 Óheimilt er að blanda spilliefnum saman við annan úrgang og er urðun þeirra óheimil. Rekstraraðila ber að tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi sem tekið er á mótí til urðunar. Í því skyni skal rekstraraðili kanna reglulega úrgangsfarma sem berast urðunarstaðnum. Honum er heimilt að krefja úrgangshafa um að leggja fram gögn til staðfestingar á því að spilliefni séu ekki meðal þess úrgangs sem hann óskar eftir að verði urðaður. Meðferð á spilliefnum krefst sérstaks starfsleyfis.

## 3. AÐBÚNAÐUR Á URÐUNARSTAÐ

- 3.1 Rekstraraðili ber ábyrgð á að umgengni á urðunarstaðnum sé í samræmi við ákvæða starfsleyfis þessa þegar um slíkt er að ræða. Allt athafnasvæðið skal vera afgirt með girðingu, sem takmarkar umferð manna og skepna. Gott viðhald og eftirlit skal vera með girðingum. Hollustuvernd ríkisins getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóðum, girðingum og mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrífnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið. Koma skal í veg fyrir fok á urðunarsvæðinu og nota sérstakar girðingar í því skyni, ef þörf krefur að mati eftirlitsaðila. Rusl sem hefur fokið skal urða á sama stað og annar úrgangur er urðaður. Hlið á girðingu skulu vera læst utan afgreiðslutíma.

- 3.2 Takmarka skal aðgang annarra að svæðinu en rekstrar- og eftirlitsaðila, eða aðila sem heimild hafa frá rekstraraðila til að farga úrgangi á urðunarstaðnum. Eftirlitsaðilar skulu jafnan tilkynna komu sína til vaktstjóra urðunarstaðarins hverju sinni, eftir því sem kostur er.
- 3.3 Á hverri vinnuvakt á athafnasvæði skal starfa vaktstjóri sem hefur góða þekkingu á öllum búnaði og starfsreglum stöðvarinnar. Vaktstjóri skal kunna skil á ákvæðum starfsleyfis þessa og þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda. Eintök af starfsleyfi svo og lögum og reglugerðum um hollustuhætti, heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnir skulu ávallt tiltæk hjá rekstraraðila.
- 3.4 Rekstraraðili skal tilnefna fulltrúa sem eftirlitsaðilar geta haft samband við ef þörf krefur utan afgreiðslutíma hennar.
- 3.5 Óheimilt er að brenna úrganginn.
- 3.6 Móttaka geislavirks úrgangs og sprengiefna er ávallt óheimil.
- 3.7 Ekki skal vera nema ein urðunarrein í notkun samtímis fyrir hvern úrgangsflokk.
- 3.8 Opin fráveita skal vera umhverfis allt urðunarsvæðið og einnig við þann hluta urðunarsvæðis sem er í notkun á hverjum tíma. Safna skal sigvatni og leiða í hreinsimannvirki sem hefur fengið samþykki Hollustuverndar ríkisins þar sem olía, fita, sýnilegir hlutir og agnir eru hreinsuð úr vatninu áður en því er veitt í fráveitu eða viðtaka. Að öðru leyti gilda ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um mengun vatns og nr. 797/1999 um mengun grunnvatns fyrir frárennsli urðunarstaðarins.
- 3.9 Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunargryfju skal birgður samdægurs. Urðunarreinar skulu eftir fyllingu huldar jarðvegslagi eða lagi úr sambærilegu efni, minnst 100 sm þykku.
- 3.10 Heimilt er að gera tilraunir á urðunarsvæðinu með frekari meðhöndlun á úrgangi til endurvinnslu, t.d. jarðvegs- og hauggasmyndunar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands.
- 3.11 Móttaka á slátur-, kjötvinnslu- og fiskúrgangi svo og sjálfdaudu búpeningi á urðunarsvæðinu skál ávallt haga þannig að nægur tími sé til að urða þennan úrgang tryggilega áður en dagsverki lýkur. Um meðferð á þessum úrgangi gilda ákvæði reglugerðar nr. 660/2000 um meðferð og nýtingu á sláturúrgangi og dýraúrgangi, undir eftirliti viðkomandi héraðsdýralæknis.

#### 4. MÆLINGAR OG EFTIRLIT

- 4.1 Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins.
- 4.2 Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga á sigvatni og í frárennsli skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með virkni hreinsibúnaðar og þeirri mengun sem frá urðunarstaðnum kann að berast. Staðsetning og útfærsla sýnatökustaða skal vera samþykkt af Hollustuvernd ríkisins.

4.3 Rekstraraðili skal mæla eða láta mæla mengunarefni í frárennsli urðunarstaðarins á Mel í landi Fjarðar skv. grein 4.4 í starfsleyfi þessu, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands og Hollustuvernd ríkisins.  
Starfsleyfisveitandi og eftirlitsaðili geta krafist frekari mælingar og/eða hreinsunar á frárennslinu ef mælingar mengunarefna gefa tilefni til.

4.4 Rekstraraðili skal ábyrgjast og kosta eftirfarandi mengunarmælingum:

**Mælistaðir:** a. Sýnatökustaður fyrir ofan og fyrir neðan hreinsimannvirkis  
b. Lækur sem tekur bæði við ofanvatni og sigvatni eftir hreinsun við lóðarmörk urðunarsvæðisins

**Mæla skal á sýnatökustað fyrir ofan og fyrir neðan hreinsimannvirkis:**

vikulega eða í lengri tíma á hverju ári: rennsli  
2 x á ári, f. 1. maí og 1. október: COD, NH<sub>4</sub><sup>+</sup>, leiðni, pH, hitastig,  
1 x á tveggja ára fresti, á sumri: Heildar-N, heildar-P, Pb, Hg, Cd,  
AOX

1 x á 4. ára fresti, með byrjun á fyrstu starfsári skv. starfsleyfi): Fe, Cr, Cu, Zn, As

**Mæla skal í læknum við lóðarmörk urðunarsvæðisins**

1 x á ári, á sumri, fyrir 1. október: COD, NH<sub>4</sub><sup>+</sup>, O<sub>2</sub>, leiðni, pH, hitastig

Tíðni mælinga og umfang þeirra skulu endurskoðuð, ef rekstraraðili, Hollustuvernd ríkisins eða Heilbrigðiseftirlit Austurlands telja ástæðu til. Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinganna og fá til þess aðila sem Hollustuvernd ríkisins og Heilbrigðisnefnd Austurlands samþykkja. Niðurstöður mengunarmælinga skal senda Hollustuvernd ríkisins og Heilbrigðiseftirliti Austurlands þegar þær liggja fyrir, sbr. gr. 1.7.

Að öðru leyti gilda ákvæði reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit.

4.5 Rekstraraðili skal fylgjast með losun gass sem myndast við rotnun lífrænna úrgangsefna og athuga möguleika á söfnun þess með nýtingu í huga, í samráði við Hollustuvernd ríkisins.

4.6 Komi upp óhapp eða önnur atvik sem geta haft í för með sér mengun, t.d. bruni, losun spilliefna, mikil gasmyndun eða annað óvenjulegt, ber rekstraraðila að tilkynna eftirlitsaðila um slíkt eins fljótt og unnt er, sbr. gr. 1.3 starfsleyfis þessa.

## 5. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er í öðrum gjaldskrárflokki skv. fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðili skal greiða Hollustuvernd ríkisins gjald samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar vegna útgáfu og kynningar á starfsleyfi þessu.

Rekstraraðili skal greiða eftirlitsgjald fyrir reglubundið eftirlit í samræmi við reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit samkvæmt gjaldskrá eftirlitsaðila, eins og hún er hverju sinni. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við eftirlit.

Fyrir eftirlit umfram reglubundið eftirlit, sbr. 5. mgr. 12. gr. reglugerðar 786/1999, skal greiða tímagjald skv. 1. gr. í gjaldskrá Hollustuverndar ríkisins fyrir útselda vinnu sérfræðinga stofnunarinnar, auk ferðakostnaðar.

## 6. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda og það gildir til tíu ára.  
Starfsleyfi þetta er gefið út á Sveitarfélagið Hornafjörð, kt. 590169-4639, vegna urðunar úrgangs á Mel í landi Fjarðar.

**Bráðabirgðarákvæði.**

Innan eins árs frá lögleiðingu urðunartilskipunar 31/1999/EB hér á landi ber rekstraraðila að semja og leggja fyrir Hollustuvernd ríkisins til samþykktar áætlun um breytingar á urðunarstaðnum, þar á meðal upplýsingar sem taka til þeirra atriða sem talin eru upp í 8. gr. tilskipunarinnar og sérhverjar aðgerðir til úrbóta sem rekstraraðili telur nauðsynlegar til þess að uppfylla þær kröfur, sem settar eru fram í tilskipuninni.

Að lokinni kynningu á breytingaráætluninni skal Hollustuvernd ríkisins taka endanlega ákvörðun um það hvort heimild sé að halda rekstri áfram á grundvelli fyrrgreindrar breytingaráætlunnar og tilskipunarinnar. Á grundvelli samþykktar breytingaráætlunarinnar skal Hollustuvernd ríkisins heimila þá vinnu sem nauðsynleg er og mæla fyrir um aðlögunartíma til að ljúka framkvæmd áætlunarinnar.

## **HOLLUSTUVERND RÍKISINS**

### **MENGUNARVARNASVIÐ**

Reykjavík, 9. desember 2002

Davíð Egilson,  
Forstjóri

Helgi Jensson,  
Forstöðumaður mengunarvarnarsviðs